



Stúdentaráðsfundur

28. fundur

29.10.2013 í N201

Fundarritari: Aníta Einarsdóttir

Fundur settur kl. 16:05

Þátttakendur: Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Birgir Marteinson, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Ari Brynjólfsson og Hildur Helgadóttir.

1. Fljótleg yfirferð

Leifur kynnti hvað væri komið á hreint fyrir málþingið og stofnfundinn. Það var m.a. hótelið, en það er komið á hreint og búið að bóka það. Rúturnar eru tilbúnar búið er að bóka þær og senda út komutímana á stúdentafulltrúana.

Allt varðandi matinn er komið á hreint. Súða og salat er frá Strikinu í hádeginu á föstudag, farið verður á Bryggjuna um kvöldið, sjálfboðaliði sækir Serrano í hádeginu á laugardaginn og kemur með í háskólann, farið verður með stúdentafulltrúa á KEA um kvöldið þar sem maturinn verður tilbúinn, öllum verður skutlað þangað. Sóttar verða samlokur og fleira frá Matur og Mörk í hádeginu á sunnudaginn.

Styrkir sem komnir eru nokkurn vegin á hreint eru frá Akureyrarstofu, sótt var um 150.000 kr þaðan og höfum fengið velyrði fyrir því. Formenn stúdentahreyfinganna fengu skyndilega fund með mennta- og menningarmálaráðherra á sunnudaginn var, 27. okt., kl. 13:00 og þar kom fram að við myndum fá styrk fyrir verkefninu, en ekki vitað hversu mikinn. Sótt var um 800.000 kr. í styrk. Annar aukakostnaður, ef einhver verður, þá fellur hann á LÍS.



2. Finna ábyrgðarmenn fyrir verkefnum

Föstudaginn 1. nóv.

Kaffi kl. 8:30 og 10:15 sér Hildur Helgadóttir um. Kaffi kl. 14:35 er Birgir Marteinson ábyrgur fyrir að einhver sjái um.

Þegar stúdentafulltrúarnir eru komnir niður á hótél og allir eru tilbúnir í matinn, þá fara Aníta og Leifur og leggja bílnum hjá Ráðhúsinu og labba með allt liðið á Bryggjuna.

Laugardagur 2. nóv.

Skutla þarf fulltrúum frá hótelinu og í háskólann kl. 8:30, þarf 8 bíla í þetta verkefni eða nokkrar ferðir. Leifur, Aníta, Hafdís, Þórhildur, Hildur og Elín eru ábyrgir fyrir þessu. Skutla þarf fulltrúunum svo aftur í kvöldmat kl. 18:00 og aftur í háskólann.

Sömu aðilar, nema Hildur eru ábyrgir fyrir því.

Hádegismatur kemur frá Serrano á laugardegnum og ætlar Elín Friðriksdóttir að sækja það kl. 12:30 og fara með í háskólann.

Fulltrúar FSHA sem taka þátt í fundinum yfir daginn sjá um að hella upp á kaffi yfir daginn, þar sem kaffitímar eru ekki fastir.

Sunnudagur 3. nóv.

Sækja þarf fulltrúana kl. 8:30 á hótelið og skutla þeim í háskólann. Leifur, Aníta, Hafdís, Þórhildur og Elín eru ábyrg fyrir því.

Hádegismatur kemur frá Matur og Mörk og Hafdís er ábyrg fyrir því að það sé komið í skólann kl. 12:00.

Allir fulltrúar FSHA og fleiri sem næst á hjálpast að við að taka til eftir fundinn.

3. Finna fulltrúa til að mæta á fundinn

Eigum að vera með 5 sem fara með atkvæði fyrir FSHA, stúdentaráð ákvað að þeir

fulltrúar sem munu fara með atkvæðarétt FSHA á fundinum eru Leifur Guðni

Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Birgir Marteinson, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir og

Þórhildur Edda Eiríksdóttir. Fleiri fulltrúar mega mæta frá FSHA en hafa þó einungis

áheyrnarrétt. Talað var um að fleiri hefðu áhuga á að mæta og fylgjast með og munu



stúdentaráðsfulltrúar benda þeim á að skrá sig fyrir miðnætti á fimmtudag. Skráning fer fram á www.fsha.is/lis.

4. Skipa fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍS

Aníta Einarsdóttir og Birgir Marteinsonn buðu sig fram sem fulltrúar í framkvæmdastjórn LÍS. Einróma samþykki var frá stúdentaráði fyrir því að skipa þau sem fulltrúa FSHA, til hálfis og eins og hálfis árs.

5. Finna fundarstjóra

Kallað var eftir tillögum að fundarstjóra. Fundarstjóri þarf að geta verið á fundinum alla helgina, þ.e. frá laugardagsmorgni til sunnudagseftirmiðdegi. Þórhildur Edda ætlar að athuga hvort Katla, úr Stafnbúa hafi áhuga.

6. Finna ritara

Kallað var eftir tillögum að fundarritara/riturum, þeir mega vera nokkrir yfir helgina. Birgir Marteinsonn ætlar að athuga hvort Eyrún eða Berglind, úr Þemis hafi áhuga á að koma og vera smá hluta af fundinum.

7. Segja frá fjölmiðlafulltrúa

Greint var frá því að Jóhann Skúli Björnsson sér um alla tengingu við fjölmiðla fyrir LÍS. Númerið hans er gefið upp til fjölmiðla og hann beinir þeim í rétta átt. Nr. hans er 6929245.

Samantekt: Ákveðið var að Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir og Birgir Marteinsonn verði fulltrúar FSHA á stofnfundinum. Aðrir fulltrúar sem mæta frá FSHA hafa áheyrnarrétt.

Samþykkt var að skipta Anítu Einarsdóttur og Birgi Marteinsonn sem fulltrúar FSHA í framkvæmdastjórn LÍS. Þórhildur Edda reynir að finna fundarstjóra og Birgir reynir að finna ritara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55



Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson

Formaður

Aníta Einarsdóttir

Varaformaður

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

Fjármálastjóri

Þórhildur Edda Eiríksdóttir

Formaður Stafnbúa

Ari Brynjólfsson

Formaður Kumpána

Hildur Helgadóttir

Formaður Reka

Birgir Marteinsonn

Formaður Þemis

